



UMFERÐARSTOFA

REGLUGERÐ

um notkun erlendra ökutækja nr. 267/1993, með áorðnum breytingum

Sbr. rg. 555/1999, gildist. 1.1.1994, rg. 96/1996, gildist. 31.1.1996, rg. 313/1999, gildist. 3.5.1999, rg. 700/1999, gildist. 11.10.1999, rg. 391/2003, gildist. 27.5.2003, rg. 269/2005, gildist. 2.3.2005 og rg. 488/2006 gildist. 14.6.2006.

1. gr.

Samkvæmt reglum þessum er heimilt að nota hér á landi erlent ökutæki, þ.e. ökutæki í eigu aðila sem á heimili erlendis og ekki er skráð hér á landi, enda hafi tollyfirvald heimilað innflutning þess samkvæmt reglum um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla, sbr. nú reglugerð nr. 160 30. mars 1990.

2. gr.

Ökutækið skal vera skráð í heimalandi sínu, annað hvort til almennrar notkunar eða til tímabundinnar notkunar í erlendu ríki. Ökutækið skal bera skráningarkerki og því skal fylgja gilt skráningarskrírteini. [Ökutækið skal og búið

þjóðernismerki með þjóðernisbókstaf/stöfum að aftan í samræmi við ákvæði 20. gr. og viðauka 4 við Genfarsamninginn um umferð á vegum frá 19. september 1949 eða 37. gr. og viðauka 3 við Víinarsamninginn um umferð á vegum frá 8. nóvember 1968, og/eða

sömu þjóðernisbókstöfum á ökutæki frá ríki Evrópusambandsins sem komið er fyrir á vinstri hlið skráningarkerkisins í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2411/98.]¹

[Ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2411/98 um viðurkenningu á þjóðernismerki skráningarlands bifreiða og bifhjóla og eftirvagna þeirra í umferð innan bandalagsins skulu gilda hér á landi með þeirri aðlögun sem leiðir af XIII. viðauka við EES samninginn, bókun I við samninginn og samningnum að öðru leyti.]²

Ökutæki sem er skráningarskylt samkvæmt umferðarlögum en er ekki skráningarskylt samkvæmt reglum heimalands má nota samkvæmt reglum þessum enda haldi tollyfirvald sérstaka skrá yfir slík ökutæki. Þetta gildir þó ekki um bifreiðir, bifhjól, önnur en létt bifhjól, eða eftirvagna bifreiða sem gerðir eru fyrir a.m.k. 750 kg heildarþyngd.

3. gr.

Ökutæki skal uppfylla þau ákvæði um gerð og búnað og skoðun, sem gilda í því ríki sem það er skráð í, sem ekki skulu vera vægari en ákvæðið er í viðauka 6 við alþjóðasamning um umferð á vegum frá 19. september 1949, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1983. Ökutækið skal búið aðalljósum fyrir hægri umferð. Ástand ökutækis skal vera viðhlítandi.

Ef vafi leikur á því hvort ökutæki uppfylli skilyrði um búnað má krefjast þess að það verði fært til skoðunar.

Ákvæði reglna um stærð og þyngd ökutækja gilda einnig um erlend ökutæki.

4. gr.

[Ökutækið skal váttryggt ábyrgðartryggingu samkvæmt ákvæðum umferðarlaga.

Litið skal svo á að váttryggingarskyldu sé fullnægt að því er varðar ökutæki sem skráð eru í ríkjum sem talin eru upp í viðauka I. Þetta á þó ekki við um ökutæki, sem nefnd eru í viðauka II.

Vegna annarra ökutækja en nefnd eru í 1. málslíð 2. mgr. skal ökumaður (umráðamaður) hafa undir höndum alþjóðlegt váttryggingarkort fyrir ökutæki („grænt kort“) eða staðfestingu váttryggingafélags með starfsleyfi hér á landi. Skulu þessi gögn bera með sér, að lögboðin ábyrgðartrygging sé í gildi, og skal váttryggingin gilda í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA).

Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. ábyrgjast að ökutæki sem skráð er erlendis en hér er notað um stundarsakir sé váttryggt lögmaeltri ábyrgðartryggingu ef önnur váttrygging er ekki fyrir hendi enda hafi ökumaður (umráðamaður) ökutækisins við innflutning þess lagt fram alþjóðlegt váttryggingarkort fyrir ökutæki („grænt kort“) sem út er gefið í samræmi við reglur þær um alþjóðlegar bifreiðatryggingar sem undirnefnd um vegflutninga í innanlandsflutninganefnd efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu hefur mælt með.

Eftirlit með því að erlent ökutæki, sem ekið er hér á landi, uppfylli kröfur reglugerðar þessarar, þ.m.t. hvort í gildi sé ábyrgðartrygging vegna þess, skal fyrst og fremst byggjast á úrtakseftirliti. Skal slíkt eftirlit fara

¹ Rg. 700/1999, 1. gr.

² Rg. 700/1999, 2. gr.

fram bæði við innflutning ökutækisins og eftir að notkun þess er hafin. Ökutæki, sem skráð eru í ríkjum er nefnd eru í viðauka I, eru þó við komu til landsins undanþegin eftirliti með váttryggingarskyldu.]³

5. gr.

Notkun ökutækis er aðeins heimil þann tíma og með þeim skilyrðum sem tolyfirvald setur. Notkun ökutækisins er eigi heimil eftir að ökutækið hefur verið endanlega tollafgreitt og ekki lengur en í eitt ár frá því ökutækið kom til landsins.

6. gr.

[Reglugerð þessi er sett samkvæmt 66. gr. og 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af 8., 9. og 10. tölul. IX. viðauka við EES samninginn (tilskipun 72/166/EBE með breytingum samkvæmt tilskipunum 72/430/EBE, 84/5/EBE og 90/232/EBE og ákvörðunum 91/323/EBE, 93/43/EBE, 97/828/EB og 99/103/EB) og 24. b tölul. XIII. viðauka við samninginn (reglugerð 98/2411/EB).]⁴

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. júlí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

³ Rg. 391/2003, 1. gr.

⁴ Rg. 700/1999, 3. gr.

[VIÐAUKI I

Ökutæki frá eftirtöldum ríkjum teljast hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu við komu til landsins, og þarf ekki að framvísa grænu korti því til staðfestingar, sbr. þó undantekningar í viðauka II.

Andorra (AND)

Austurríki (A)

Belgía (B)

Danmörk (ásamt Færeyjum) (DK)

Eistland (EST)

Finnland (FIN)

Frakkland (ásamt Mónakó) (F)

Grikkland (GR)

Holland (NL)

Írland (IRL)

Ítalía (ásamt San Marínó og Páfagarði) (I)

Krótía (HR)

Kýpur (CY)

Lettland (LV)

Litháen (LT)

Lúxemborg (L)

Malta (M)

Noregur (N)

Portúgal (P)

Pólland (PL)

Slóvakía (SK)

Slóvenía (SLO)

Stóra-Bretland og Norður-Írland (ásamt Ermarsundseyjum, Mön og Gíbraltar) (GB)

Sviss (ásamt Liechtenstein) (CH)

Svíþjóð (S)

Tékkland (CZ)

Slóvakía (SK)

Ungverjaland (H)

Þýskaland (D)

Viðauki II

Eftirtalin ökutæki frá ríkjum sem tilgreind eru í viðauka I eru háð eftirliti með því hvort váttryggingarskyldu sé fullnægt, þó að önnur ökutæki frá þeim ríkjum séu undanþegin slíku eftirliti:

Andorra (AND)

- Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.
- Herflutningatæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.

Austurríki (A)

Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Belgía (B)

Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Danmörk (ásamt Færeyjum) (DK)

- Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.
- Herflutningatæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.

Eistland (EST)

Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Finnland (FIN)

Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Frakkland (ásamt Mónakó) (F)

Herflutningatæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.

Grikkland (GR)

- Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur. (Tekur gildi varðandi tjón sem verður 1. október 1993 eða síðar).
- Ökutæki sem tilheyra milliríkjastofnunum (græn skráningarmerki með bókstöfunum „CD“ og „A Σ“ og skráningarnúmeri á eftir).
- Ökutæki sem tilheyra heraflo NATO eða hermönnum og borgaralegu starfslíði NATO (gul skráningarmerki með bókstöfunum „Ξ A“ og skráningarnúmeri á eftir).
- Ökutæki sem tilheyra gríska hernum (skráningarmerki með bókstöfunum „ΕΣ“).
- Ökutæki sem tilheyra „Sameinuðum heraflo“ í Grikklandi (skráningarmerki með bókstöfunum „AFG“).
- Ökutæki með reynslumerki (hvít skráningarmerki með bókstöfunum „ΔOK“ og skráningarnúmeri á eftir).

Holland (NL)

- Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur. (Gildir varðandi tjón sem verður 1. október 1993 eða síðar).
- Einkaökutæki hollenskra hermanna og fjölskyldna þeirra sem aðsetur hafa í Þýskalandi.
- Ökutæki sem tilheyra þýskum hermönnum sem aðsetur hafa í Hollandi.
- Ökutæki sem tilheyra einstaklingum sem tengjast aðalstöðvum „Sameinaðs heraflo í Mið-Evrópu“.
- Þjónustuökutæki heraflo NATO.

Írland (IRL)

Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Ítalía (ásamt San Marínó og Páfagarði) (I)

1. Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

2. Ökutæki sem tilheyra heraflla og öðru herliði og borgaralegu liði sem alþjóðasamningar gilda um (t.d. „AFI“ merki og alþjóðastofnanir eins og NATO).

3. Ökutæki sem ekki eru búin skráningarmerki (einkum reiðhjól með hjálparvél).

4. Landbúnaðarvélar (svo sem landbúnaðardráttarvélar, eftirvagnar þeirra og öll önnur ökutæki sem hönnuð eru sérstaklega til nota við landbúnaðarstörf).

Kýpur (CY)

1. Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

2. Herflutningatæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.

Letland (LV)

1. Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

2. Herflutningatæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.

Litháen (LT)

1. Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

2. Herflutningatæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.

Lúxemborg (L)

Ökutæki með tímabundna skráningu, sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Malta (M)

1. Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

2. Herflutningatæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.

Portúgal (P)

1. Landbúnaðarvélar og önnur vélknúin tæki sem samkvæmt portúgólskum lögum þurfa ekki að bera skráningarmerki.

2. Ökutæki sem tilheyra erlendum ríkjum og alþjóðasamtökum sem Portúgal á aðild að (hvít skráningarmerki með rauðum tölustöfum og bókstöfunum „CD“ eða „FM“ á undan).

3. Ökutæki sem tilheyra portúgólska ríkinu (svört skráningarmerki með hvítum tölustöfum og bókstöfunum „AM“, „AP“, „EP“, „ME“, „MG“ eða „MX“ á undan, eftir því hvaða ríkisstofnun á í hlut).

Pólland (PL)

1. Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

2. Herflutningatæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.

Slóvakía (SK)

Ökutæki með tímabundna skráningu, sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Slóvenía (SLO)

Ökutæki með tímabundna skráningu, sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Stóra-Bretland og Norður-Írland (ásamt Ermarsundseyjunum, Gíbraltar og Mön) (GB)

Ökutæki NATO sem falla undir ákvæði Lundúnasamningsins frá 19. júní 1951 og Parísarbókunarinnar frá 28. ágúst 1952.

Sviss (ásamt Liechtenstein) (CH)

Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Svíþjóð (S)

Ökutæki með tímabundna skráningu, sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Tékkland (CZ)

Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Ungverjaland (H)

Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

Þýskaland (D)

1. Ökutæki með tímabundna skráningu (tollnúmer) sem verða fyrir tjóni, ef tjónsatburður verður 12 mánuðum eftir að tímabundinni skráningu lýkur.

2. Herflutningatæki sem falla undir skilmála alþjóðasamninga.⁵

⁵ Rg. 488/2006, 1. gr.